

4. Loks skulu leidd í ljós önnur þau atriði, sem framangreind gagnaöflun kann að veita efni til.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á að afla framangreindra gagna.

Miðvikudaginn 19. júní 1957.

Nr. 81/1957. **Ákærvaldið** (Gunnar J. Möller hrl.)

gegn

**Egon Hornshøj Hansen og Bent Østergaard
Jørgensen** (Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Brot gegn 1. mgr. 217. gr. hegningarlaga, áfengislögum, bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt.

Dómur Hæstaréttar.

Í ákæruskjali er talið, að bifreiðin G 226 hafi staðið við húsið Ásvallagötu 5A í Reykjavík, er ákærðu tóku hana til ófrjálsra afnota. En samkvæmt gögnum málsins stóð hún við húsið nr. 5A við Sólvallagötu, eins og í héraðsdómi greinir. Er þó rétt að dæma ákærðu áfall vegna nefnds atferlis þeirra, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 27/1951.

Háttsemi ákærðu er af héraðsdómara færð til réttra refsí-
ákvæða.

Refsing ákærða Egons Hornshöjs Hansens þykir hæfilega ákveðin varðhald 6 mánuði. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma hans. Rétt er að svipta ákærða ævilangt rétti til að öðlast ökuskírteini bifreiðarstjóra.

Refsing ákærða Bents Østergaards Jørgensens er hæfilega ákveðin í héraðsdómi varðhald 45 daga. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma hans. Með hlið-

sjón af æsku ákærða og atvikum málsins þykir mega ákveða, að refsingu hans skuli fresta og að hún falli niður eftir 2 ár frá uppsögu dóms þessa, ef haldin verða skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttar ákærða til að öðlast ökuleyfi ber að staðfesta.

Friðrik Steinar Axelsson krefst þess, að ákærða Egon Hornshøj Hansen verði dæmt að greiða honum bætur vegna árásar þeirrar, sem lýst er í héraðsdómi, samtals kr. 5950.00. Sundurliðast skaðabótakrafan þannig:

- | | | |
|-----------------------------------|-------|-----------|
| 1. Læknishjálp, vottorð og akstur | kr. | 150.00 |
| 2. Gervitennur | ----- | — 1800.00 |
| 3. Miska- og þjáningabætur | ---- | — 4000.00 |

Vaxta hefur ekki verið krafizt.

Ákærða ber að bæta að fullu tjón það, sem um er að tefla.

Hér fyrir dómi hefur 1. liður kröfunnar verið samþykktur, að því er fjárhæð hans varðar. Engilbert Guðmundsson tannlæknir hefur fyrir dómi borið, að Friðrik Steinar hafi hinn 25. september 1956 fengið hjá honum gervitennur í báða góma og að verð tannnana hafi numið kr. 1800.00. Samkvæmt þessu og forsendum héraðsdóms þykir fjárhæð 2. kröfuliðar nægilega rökstudd. Bætur samkvæmt 3. kröfulið eru hæfilega metnar kr. 2500.00. Verður ákærða því dæmt að greiða Friðriki Steinari í bætur samtals kr. 4450.00.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði Egon Hornshøj Hansen sæti varðhaldi 6 mánuði. Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma ákærða staðfestist. Hann er ævilangt sviptur rétti til að öðlast ökuskirteini bifreiðarstjóra.

Ákærði Bent Östergaard Jörgensen sæti varðhaldi 45 daga. Staðfest er ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma ákærða. Fullnustu refsingar hans skal

fresta, og niður skal hún falla eftir 2 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttar ákærða til ökuskírteinis staðfestist.

Ákærði Egon Hornshøj Hansen greiði Friðriki Steinari Axelssyni kr. 4450.00.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Gunnars Möllers og Ágústs Fjeldsteds hæstaréttarlögmannna, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. marz 1957.

Ár 1957, föstudaginn 1. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 790—791/1957: Ákærvaldið gegn Egon Hornshøj Hansen og Bent Östergaard Jörgensen, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 2. október s.l., er opinbert mál höfðað gegn þeim Egon Hornshøj Hansen og Bent Östergaard Jörgensen verkamönnum, til heimilis Kirkjustræti 2 hér í bæ.

I. Gegn ákærða Bent Östergaard Jörgensen er málið höfðað fyrir að hafa fimmtudagskvöldið 20. september s.l. keypt um borð í m/s Dronning Alexandrine, sem lá í höfninni hér í bæ, sex flöskur af áfengum bjór, en brot þetta telst varða við 1. mgr. 6. gr. sbr. 1. mgr. 35. gr. og 2. tl. 33. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

II. Gegn ákærða Egon Hornshøj Hansen er málið höfðað fyrir að hafa aðfaranótt föstudagsins 21. september s.l. ráðizt á Friðrik Steinar Axelsson stýrimann, til heimilis á Suðureyri við Súganda-fjörð, í garði við Aðalstræti og Kirkjustræti hér í bæ og barið hann, svo að hann hlaut talsverða áverka í andliti, auk þess sem efri gervigómur brotnaði. Telst brot þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

III. Gegn báðum hinum ákærðu er málið höfðað fyrir að hafa

aðfaranótt greinds föstudags í heimildarleysi tekið bifreiðina G 226, þar sem hún stóð við Ásvallagötu 5A hér í bæ, og ekið í henni víðsvegar hér um bæinn. Brot þetta telst varða við 1. mgr. 1. gr. laga nr. 20/1956 um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

IV. Loks er málið höfðað gegn ákærða Egon Hornshøj Hansen fyrir að hafa aðfaranótt áður nefnds föstudags með áhrifum áfengis og án þess að hafa bifreiðarstjóraréttindi ekið greindri bifreið ljóslausri, hratt og ógætilega víðsvegar hér um bæinn, m. a. gegnt einstefnuakstri eftir Hverfisgötu, svo og fyrir að hafa í ökuferð þessari eigi sinnt stöðvunarmerkjum lögreglumanna. Brot þau, er undir þessum töluílið greinir, þykja varða við 1. mgr. 7. gr., 1. mgr. 20. gr., 1. mgr. 23. gr., 2. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 um breyting á bifreiðalögum og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, svo og við 2. gr., 2. og 3. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941, 1. mgr. 28. gr., 43. gr. og 46. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930, sbr. II 16 í auglýsingu um umferð og umferðarmerki í Reykjavík nr. 53/1955.

Þess er krafizt:

- 1) Að báðir hinir ákærðu verði dæmdir til refsingar.
- 2) Að ákærði Egon Hornshøj Hansen verði sviptur rétti til að öðlast bifreiðarstjóraréttindi samkvæmt 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga.
- 3) Að ákærði Bent Östergaard Jörgensen verði sviptur rétti til að öðlast bifreiðarstjóraréttindi samkvæmt 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.
- 4) Að ákærði Egon Hornshøj Hansen verði dæmdur til greiðslu skaðabóta.
- 5) Að báðir hinir ákærðu verði dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Hansen er talinn fæddur 25. október 1935 í Herning í Danmörku, og ákærði Jörgensen er talinn fæddur 22. janúar 1937 í Vejle í Danmörku. Þeir hafa, svo kunnugt sé, ekki sætt ákæru eða refsingu, að því undanteknu, að 14. maí s.l. var ákærði Hansen sektaður í Reykjavík um 200 krónur fyrir ölvun og óspektir.

Samkvæmt eigin játningu ákærðu og því, sem á annan hátt er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

Fimmtudagskvöldið 20. september s.l. voru ákærðu á gangi hér í miðbænum, og höfðu þeir báðir neytt áfengis. Þeir hittu

í Hafnarstræti Friðrik Steinar Axelsson stýrimann, Suðureyri, Súgandafirði, sem ákærði Hansen kannaðist við frá því á s.l. vetri. Friðrik Steinar var ölvaður og var með lítið átekna ákavítisflösku. Bauð hann þeim félögum að súpa á flöskunni, og þágu þeir það. Friðrik Steinar stakk upp á því, að þeir færu allir um borð í m/s „Dronning Alexandrine“, sem var þá í Reykjavík-urhöfn, til að fá þar erlendan bjór, og féllust hinir á það. Þeir fóru um borð í skipið, og keypti ákærði Jörgensen þar sex flöskur af erlendum bjór fyrir 60 krónur íslenzkar, sem hann átti. Síðan héldu þeir í land. Ákærði Jörgensen lét hvorn hinna fá tvær bjórflöskur og tók upp hinar tvær. Drukku þeir þrír úr þeim og dreyptu um leið á ákavítisflöskunni.

Þeir gengu síðan að gistihúsi Hjalpræðishersins í Kirkjustræti 2, þar sem ákærðu bjuggu, en búið var að loka húsinu. Gengu þeir þá út í Bæjarfógetagarðinn svonefnda hinum megin við götuna. Sló ákærði Hansen þá Friðrik Steinar allt í einu, án þess að segja eitt einasta orð, hnefahögg í andlitið. Féll Friðrik Steinar á jörðina við höggið. Sló ákærði Hansen hann síðan tvö högg enn í andlitið, eftir að hann var fallinn. Friðrik Steinar sló ákærða Hansen ekkert á móti. Ákærði Hansen hefur borið það, að áður en hann sló Friðrik Steinar, hafi hann (Friðrik Steinar) þrifið í jakkaboðung hans, og hafi ákærði Hansen haldið, að hann ætlaði að slá hann. Hafi ákærði Hansen viljað verða fyrri til og slegið Friðrik Steinar hnefahögg í andlitið. Friðrik Steinar hefur hins vegar eindregið neitað því að hafa tekið í jakkaboðung ákærða Hansens eða gert sig líklegan til að slá hann og kveður, að árásin hafi verið algjörlega tilefnislaus. Ákærði Jörgensen hefur ekkert getað um mál þetta borið.

Ákærðu héldu síðan í burtu frá Friðriki Steinari, þar sem hann lá á jörðinni, en hann reis svo á fætur og fór á lögreglustöðina. Var hann þá blóðugur, bólginn og gervitennur hans brotnar. Frá lögreglustöðinni fór hann á slysavarðstofuna til athugunar. Hefur Eiríkur Bjarnason cand. med. í slysavarðstofunni gefið svohljóðandi vottorð um meiðsli Friðriks Steinars:

„Í nótt, kl. 2, kom hingað í fylgd lögreglunnar maður, sem segist heita Steinar Axelsson, f. 4. apr. '25, til heimilis á Suðureyri við Súgandafjörð. Kom hann inn á lögreglustöðina rétt áður með brot af tveimur tanngörðum í lúkunum. Sjúklingurinn segist hafa verið barinn í andlitið. Við skoðun kemur í ljós, að sjúklingurinn er mikið þrúttinn í andliti. Smáskráma er á höku, einnig smávægileg flumbra á v. augabrún. Nefrótin er bólginn og

marin. Varir eru mjög þrútnar og bólgnar, svo að manningnum er af þeim sökum erfitt um mál. Innan á neðri vör er sundurtætt sár, sem sauma verður saman.

Maðurinn var drukkin.“

Ákærðu héldu áfram að ganga um bæinn og neyta áfengis. Nokkru síðar um nóttina urðu þeir sammála um að taka einhverja bifreið í heimildarleysi og aka í henni. Kveðst ákærði Hansen hafa átt uppástunguna að þessu, en ákærði Jörgensen man ekki, hvor þeirra átti hana. Ákærðu sáu, hvar jeppabifreiðin G 226 var fyrir utan húsið nr. 5 A við Sólvallagötu hér í bæ. Fóru þeir inn í bifreiðina, sem var ólæst. Ákærði Hansen sleit þræði úr sambandi og tengdi beint samband við rafgeymi bifreiðarinnar og kom á þann hátt vél hennar í gang. Hann settist síðan undir stýri bifreiðarinnar og ákærði Jörgensen við hlið hans og ók svo í henni um bæinn. Hefur ákærði Hansen viðurkennt að hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Ákærðu óku m. a. norður Snorrabraut, og þar gaf lögreglumaður þeim stöðvunarmerki, sakir þess að bifreiðin var ljóslaus. Ákærði Hansen sinnti þó ekki stöðvunarmerkinu, heldur ók áfram og beygði vestur Hverfisgötu á móti einstefnuakstri um þá götu. Rétt á eftir sáu lögreglumenn, sem staddir voru við Hlemmtorg, hvar ákærðu óku í greindri bifreið á miklum hraða austur Hverfisgötu. Veittu þeir bifreiðinni eftirför og komust að hlið hennar og gáfu stöðvunarmerki, en ákærði Hansen sinnti því ekki, heldur ók áfram austur Suðurlandsbraut. Lögreglumennirnir settu þá „sírenu“ í gang og kveiktu á rauðu blikkljósi, en ákærði Hansen sinnti því heldur ekki og dró ekki úr hinum mikla hraða bifreiðarinnar, þó að hann væri tilneyddur að aka henni fyrir utan malbik Suðurlandsbrautar. Hann ók áfram á miklum hraða norður Múlaveg, austur Laugarásveg og Sunnutorg, norður Langholtsveg, vestur Kleppsveg og suður Laugarnesveg, en á mótum þess vegar og Sundlaugavegar neyddist hann til að nema staðar, þar sem lögreglubifreið hafði verið lagt þar þvert yfir götuna. Lögreglumennirnir handtóku síðan ákærðu og færðu þá í varðhald.

Ákærðu eru danskir ríkisborgarar og hafa dvalizt hér á landi síðan 14. nóvember 1955, en áður hafði ákærði Egon Hornshøj Hansen dvalizt hér á landi frá 27. maí 1954 til 14. september 1955.

Ákærði Egon Hornshøj Hansen hefur með því að ráðast á Friðrik Steinar Axelsson á þann hátt og með þeim afleiðingum, er að framan greinir, gerzt sekur um brot gegn 217. gr., 1. mgr.,

almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og 3. gr. sbr. 96. gr., 1. mgr., lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Ákærðu, Egon Hornshøj Hansen og Bent Östergaard Jörgensen, hafa með heimildarlausri notkun sinni á bifreiðinni G 226 gerzt brotlegir gegn 259. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1. marz 1956 um breyting á þeim lögum.

Þá hefur ákærði Egon Hornshøj Hansen með því að aka nefndri bifreið með áhrifum áfengis gerzt brotlegur gegn 23. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr., 1. mgr., bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6 29. janúar 1951 um breyting á þeim lögum, og gegn 4. gr., 2. mgr., sbr. 14. gr., 1. mgr., umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941 svo og gegn 24. gr., 1. mgr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58 24. apríl 1954. Hann hefur enn fremur með því að aka bifreiðinni án bifreiðarstjóraréttinda brotið gegn 20. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr., 1. mgr., bifreiðalaganna og gegn 45. gr. sbr. 96. gr., 1. mgr., lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Með því að aka bifreiðinni ljóslausri í umrætt skipti hefur hann brotið gegn 7. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr., 1. mgr., bifreiðalaganna og gegn 43. gr. sbr. 96. gr., 1. mgr., lögreglusamþykktarinnar, og með því að aka bifreiðinni hratt og ógætilega, eins og að framan er lýst, hefur hann brotið gegn 26. gr., 2. mgr., og 27. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr., 1. mgr., bifreiðalaganna og gegn 2. gr. og 4. gr., 3. mgr., sbr. 14. gr., 1. mgr., umferðarlaganna, svo og gegn 46. gr. sbr. 96. gr., 1. mgr., lögreglusamþykktarinnar. Þá hefur hann með því að sinna ekki stöðvunarmerki lögreglumanna brotið gegn 2. gr. sbr. 14. gr., 1. mgr., umferðarlaganna og gegn 28. gr., 1. mgr., lögreglusamþykktarinnar. Loks hefur ákærði Egon Hornshøj Hansen með því að aka bifreið gegnt einstefnuakstursreglum um Hverfisgötu gerzt brotlegur gegn 5. gr., 1. mgr., sbr. 14. gr., 1. mgr., umferðarlaganna og gegn 28. gr., 1. mgr., lögreglusamþykktarinnar, sbr. II. kafla, 16. tl., auglýsingar um meðferð og umferðarmerki í Reykjavík nr. 53/1955.

Loks hefur ákærði Bent Östergaard Jörgensen með bjórkaupum sínum gerzt brotlegur gegn 6. gr., 1. mgr., sbr. 35. gr., 1. mgr., og 33. gr., 2. tl., áfengislaganna.

Refsing ákærða Egons Hornshöjs Hansens þykir með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna hæfilega ákveðin varðhald í 4 mánuði.

Refsing ákærða Bents Östergaards Jörgensens þykir með hlið-

sjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna hæfilega ákveðin varðhald í 45 daga.

Ákærðu sátu í gæzluvarðhaldi frá 21. september f. á. til 9. október f. á. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber þessi varðhaldsvist þeirra að koma með fullri dagatölu refsingum þeirra til frádráttar.

Friðrik Steinar Axelsson krafðist þess í fyrstu, að ákærði Egon Hornshøj Hansen yrði dæmdur til að greiða honum kr. 7.335.00 í bætur fyrir líkamsárásina. Sundurliðaði Friðrik Steinar bótakröfu sína þannig:

Læknishjálp, vottorð, akstur	kr.	150.00
Gervitennur	—	1800.00
Föt	—	1385.00
Miska- og þjáningabætur	—	4000.00

Samtals kr. 7335.00

Síðar féll hann frá kröfuliðnum: föt, kr. 1385.00, og nemur því endanleg bótakrafa hans kr. 5950.00.

Ákærði Egon Hornshøj Hansen hefur mótmælt bótakröfu þessari og ekki viljað samþykkja að greiða Friðriki Steinari eyri í bætur, en með því að telja verður kröfuna réttmæta og rökstudda, verður hún tekin til greina að öllu leyti.

Samkvæmt 68. gr., 1. mgr., hegningarlaganna og 39. gr., 1. mgr., bifreiðalaganna ber að svipta ákærða Egon Hornshøj Hansen rétti til að öðlast bifreiðarstjóraréttindi í 3 ár frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 68. gr., 1. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærða Bent Östergaard Jörgensen rétti til að öðlast bifreiðarstjóraréttindi í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar in solidum, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Ágústs Fjeldsteds hrl., kr. 1200.00.

Dómsorð:

Ákærði Egon Hornshøj Hansen sæti varðhaldi í 4 mánuði og ákærði Bent Östergaard Jörgensen varðhaldi í 45 daga.

Gæzluvarðhaldsvist ákærðu frá 21. september 1956 til 9. október 1956 komi með fullri dagatölu refsingum þeirra til frádráttar.

Ákærði Egon Hornshøj Hansen greiði Friðriki Steinari Axelssyni kr. 5950.00.

Ákærði Egon Hornshøj Hansen skal sviptur rétti til að öðlast bifreiðarstjóraréttindi í 3 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Bent Östergaard Jørgensen skal sviptur rétti til að öðlast bifreiðarstjóraréttindi í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Ágústs Fjeldsteds hrl., kr. 1200.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 21. júní 1957.

Nr. 35/1956. **Eimskipafélag Íslands h/f**

(Ágúst Fjeldsted hrl.)

gegn

Almennum tryggingum h/f

og gagnsök.

(Ólafur Þorgrímsson hrl.)

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. marz f. á. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins. Til vara krefst hann verulegrar lækkunar á dæmdri fjárhæð í héraði samkvæmt mati Hæstaréttar og hvor aðilja verði látinn bera málskostnað sinn í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar af sinni hálfu með stefnu 23. marz f. á. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 1.576.332.43 ásamt 6% ársvöxtum frá 13. apríl 1954 til greiðsludags. Til vara krefst hann lægri fjárhæðar úr hendi aðaláfrýjanda, þó eigi lægri en ákveðin er í héraðsdómi, ásamt vöxtum, eins og